



Húsið er byggt úr steinsteypu og múrsteini 1972 með samþykktri stækkun sem ég framkvæmði 2004. Það skiptist má segja í tvær íbúðir auk tveggja svefnherbergja sem geta tilheyrt hvorri íbúðinni fyrir sig. Alls eru svefnherbergi 5 hvert um sig 15-25 fm.

Á neðstu hæð er auk aðalinngangs um 60 fm íbúð með einu svefnherbergi + sturtu, snyrtingu og wc auk tveggja annarra svefnherbergja annað er um 25 fm með sturtu og wc og hitt um 17 fm. Á jarðhæð eru einnig tvær geymslur og er önnur „köld“ og notast sem vinkjallari.

Fyrir framan gestainngang er yfirbyggður terras sem notast sem aukaborðstofa fyrir íbúa jarðhæðar þegar hún er í leigu. Úr gestaforstofu er gengið upp á aðalhæð.

Þar er svefnherbergisálma með 2 svefnherbergjum (ca 15fm hvort) baði, wc og fataherbergi. Nýbyggt eldhús um 35 fm er parketlagt með öllum heimilistækjum. Það snýr í suður og er mjög bjart og er þar gamalt eldhúsborð fyrir 6-8. Önnur gólfefni í húsinu eru keramikflísar „saltbrenndar“ frá Ítalíu. Stofa borðstofa og arinstofa mynda eina heild ca rúml. 100 fm en með einu þrepi upp í borðstofu og einu þrepi niður í arinstofu.

Í arinstofu eru sæti fyrir 6-7 manns og innbyggður lokaður arinn með gleri, sem er aðalhitagjafi efri íbúðar en miðstöðvarhitun er annars í öllu húsinu (olía). Til norðurs er „gamla eldhúsið“ sem notað er nú sem þvottahús og búr en hefur til staðar einnig heimilistæki ef og þegar haldnar eru fjölmennar veislur. Borðstofa er með borðstofuborð fyrir 12 manns.

Í framhaldi af stiga frá aðalinngangi er stigi áfram uppá efri hæð þar sem eru tvö rými sem nýtt eru sem skrifstofur, bóka og sjónvarpsherbergi. Þar eru einnig svalir með sólbaðsaðstöðu (einkum nýtt á vetrum) og góðu útsýni yfir þorpið fyrir neðan með sínum kastala frá 12. Öld. Á aðalhæð eru 4 útgangar einn í g.

Eldhúsið og er það okkar hvunndagsinngangur, einn úr borðstofu út á terras og sundlaug en á þessum yfirbyggða terras borðum við megnið af árinu og einn til suðurs út á svalagang meðfram húsinu. Fjórða útganginn út á sundlaugarterras (um 100fm) notum við lítið. Sundlaug rúml. 9 m löng er fyrir framan borðstofu. Hún getur verið upphituð ef vill og sundlaugin er yfirbyggð á vetrum (einingar settar yfir í nóv.-maí) Á sundlaugarterras er útisturta (flísalögð) og allur terrassinn er afmarkaður með steiptum veggjum með sömu áferð og húsið. Terrass er allur flísalagður með ítölskum marmaraflísum Allt þetta útisvæði byggði ég árið 2001. (Samþ.skv. reglugerð) Lóðin er um 2500 fm og á ca. Fjórum hæðum.

Þar eru tré og runnar af fjölda tegunda auk mikils magns blóma og segja má að eitthvað sé blómstrandi alla mánuði ársins. Fyrir ofan og til hliðar við lóðina er óbyggt skógi vaxið svæði. (sigræn eik og barrtré) Til hliðar við eldhúsinngang er „hesthús“ þar sem fyrri eigandi og sá sem byggði húsið hafði 5 hesta. Húsið stendur í um 500 m fjarlæg' fra Esparronvatni en þar eru stundaðar siglingar, róðrar, og aðrar vatnsþípróttir. Vatnið er yfir 20 C heitt frá maí til okt. Og sund mikið stundað Margar göngu og hjólaleiðir eru um undurfallegt len hæðótt landslag allt um kring. Tæpl klukkutíma akstur er á mjög góðan golfvöll (Pierrvert) og heldur lengur (1 og 1/2t) tekur að komast á skíði í s-Alpana og á strönd (St. Tropez). 7ö km er til Aix (í menninguna og búðirnar) og 20 km til Manosque (súpermarkaðir, spítalar o.s.frv.).